



## Ýmislegt, bæklingar, ljóð, leikskrá 1959

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Alþingismaður – Ritstjóri – Bréf – *Gunnarskvöld*, Gunnar Gunnarson sjötugur – *Brot úr Íslendingabrag Jóns Ólafssonar* – Lítið Rotary-ljóð, 6. marz 1959 – *Rotary-ljóð*, 12/9 1959 – Lítið Rotary ljóð III – *Hátíðasöngur–minni Rotary* – Óútfyllt eyðublað fyrir félagatal Rotaryklúbb Reykjavíkur – Boðsbréf á Þakkargjörðarhátíð Íslensk-Ameríska félagsins í Lídó, 27. nóvember 1959 – Reikningur frá Hotel Baltimore, París – Lítið kort frá Hotel du Brésil, París – Miði með nafni Bjarna Benediktssonar – Óútfyllt jólakort frá Stjórnarráðinu eða Alþingi(?)

## ***Tekið af vef Borgarskjalasafnsins***

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

***Einkaskjalasafn nr. 360***

***Stjórnmalamaðurinn***

Askja 2-24, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# GUNNARSKVÖLD

*Gunnar Gunnarsson*  
*sjötugur*

## Bókmenntakynning

í Þjóðleikhúsinu 21. maí 1959

á vegum Bandalags íslenzkra listamanna, Almenna bókafélagsins,  
Helgafells og Landnámu.

## Dagskrá:

### ÁVARP

Bjarni Benediktsson

### INNGANGSORÐ

Steingrímur J. Þorsteinsson

### UPPLESTUR

Borgarættin: Andrés Björnsson

### UPPLESTUR

Fjallkirkjan: Lárus Pálsson

### UPPLESTUR

Sálumessa: Þorsteinn Ö. Stephensen

### SAMLESTUR

úr Svartfugli.

#### Persónur:

Séra Eyjólfur ..... Helgi Skúlason  
Bjarni ..... Róbert Arnfinnsson  
Steinunn ..... Helga Valtýsdóttir  
Scheving sýslumaður ..... Ævar Kvaran

— Hlé í 20 mínútur —

## REIÐARSLAG

leikrit í einum þætti

Leikstjóri: Lárus Pálsson.

Þýðandi: Þorsteinn Ö. Stephensen

Leikurinn fer fram í stofu á íslensku prestssetri.

#### Hlutverkaskrá:

Presturinn ..... Gísli Halldórsson  
Frúin ..... Guðbjörg Þorbjarnardóttir  
Vinurinn ..... Jón Aðils  
Læknirinn ..... Þorsteinn Ö. Stephensen

Stjórnandi dagskrárinnar

Þorsteinn Ö. Stephensen.



Brot úr Íslendingabrag Jóns Ólafssonar:

En þeir fólar, sem frelsi vort svíkja  
og flýja' í lið með níðingafans,  
sem af útlendum upphefð sjer sníkja,  
::: eru svívirða og pest föðurlands :::

Bölvi þeim ættjörð á deyjanda degi,  
daprasta formæling ýli þeim strá,  
en brimrót, fossar, fjöllin há  
veiti frið stundar-langan þeim eigi!  
Frjáls því að Íslandsþjóð  
hún þekkir heims um slóð  
::: ei djöfullegra dáðlaust þing,  
en danskan Íslending! :::

# Litid Rotary-ljóð

6. MARZ 1959.

Vér komum hér í kjallarann,  
í kvöld með hýrra móti,  
því stóla má á stallarann,  
að staupin ekki þrjóti,  
    Ágúst er hraustur  
    og einstaklega traustur  
    við fleira en drykkjarföngin,  
    og sönginn.

Menn hafa trú á Helga Þór,  
og hygginn manninn telja,  
til Portúgal í pukri' ann fór,  
með plockfisk til að selja,  
    Bættur er skaðinn,  
    ef Brandy fæst í staðinn,  
    þá hækkar sól í sál manns,  
    og skál manns.

Hann Sigurjón fær sjálfsagt nóg,  
af svannahylli að vonum,  
en fæstar kjósa að komast þó,  
í kjallarann hjá honum,

Hans von er og vísa,  
að vilja gjarnan hýsa,  
lýð sem illa lætur,  
um nætur.

Þó Oddur hendi að oss spé,  
sá ætti að gæta að hinu:  
hvort mjólkurleysi ei mikið sé,  
hjá Mjólkurfélaginu.

Ei þarf samt að kvíða,  
Ef þorstinn fer að sviða,  
er whisky vízt til bóta,  
í sóða.

Vart á Bjarna Ben, það sér,  
að baráttu vér heyjum,  
með varúð hann að vísu fer,  
á vinstrihandar beygjum.

Er kosningar harðna,  
vex kjarkurinn hjá Bjarna,  
og víst er von að Mogginn,  
sé rogginn.

Oft bjuggu menn við báleg kjör,  
og bar á margan skugga,  
en tóku aftur táp og fjör,  
er Tómas fór að brugga.

Þó stræki á björinn,  
stórtemplarakórinn,  
Mun enginn slíku anza,  
án vansa.

Um Svein í Héðni sagan gat,  
og sízt mun úr því draga,  
er þéttur hann á þingi sat,  
og það í nokkra daga.

Í kosningahitum,  
kommar skifta litum,  
en vart það verður Sveini,  
að meini.

Þó Agnar Kofoed, alla stund,  
af alúð stundi völlinn, -  
ef ber að garði göfugt sprund,  
þá gengur hann á fjöllin.

Að fylgjast með honum,  
er frönskum hefðarkonum,  
á fjöllum fyrir mestu,  
í flestu.

Jóhann varla viknar senn,  
þótt verð ann fyrir bríxlum,  
hann hefur sama sjarma enn,  
og sympatí með víxlum.

Það stóð ei á sprundum  
á stjórnmalafundum  
Og Hafstein þraut ei happið,  
né klappið

Á Vilhjálmi Þ. ei víma seig,  
af vænum drykkjarmiði,  
Hann drekkur aðeins dýra veig,  
í Drottins ást og friði.

Þeir ættu að spyrja,  
sem í útvarpið kyrja:  
Hvort vilji menn fá meira,  
að heyra?

En kalt er oft á kvöldin hér,  
og kolin þrjóta og mórinn,  
en okkar helzta huggun er,  
þá Hitaveitustjórinn,

Í móinn þeir malda,  
sem mega ei vatni halda,  
heitu, er hamast kuldinn,  
og skuldin.

Vízt yrðu staupin ekki fá,  
sem Eldjárn gæti torgað,  
og háan reikning hygg ég sá,  
með haugfé geti borgað.

Ei fær það á hann,  
þó afturgöngur sjá ann,  
er situr hann að sumbli,  
hjá kumbli.

Og séra Bjarni situr hér,  
að sjússi heldur vænum,  
samt Himnaríki honum er,  
jafn hugstætt Vesturbænum.

Hvað er að heyra,  
Hann vill kannski meira?  
Því sífellt ung er sálin,  
og skálin.

Menn vitna oft í Vilhjálmi Þór,  
hve vel hans gengi standi,  
Því hetjusaga hans er stór,  
og hófst á Norðurlandi.

Löngum hann dreymir  
um lán í Vesturheimi,  
og dátt er draumar rætast,  
menn kætast.



Dótt Bretum vart hér verði um sel,  
né veiðin hér til happa,  
þeim hefur litist heldur vel,  
á Hallgrím Skeljungskappa.

Sjálfsgagt í metum,  
er sá hjá fleiri en Bretum,  
og síst mun hafna sjúsum,  
frá Rússum.

Á Geir vízt aldrei illa lá,  
en oft sá rímmur háði,  
já, mikið gengur ennþá á,  
í okkar bæjarráði.

Af hólmi þeir renna,  
sem hafa skapgerð kvenna,  
en Geir er ei við aldur,  
og kaldur.

Ludvig kan ej lide dram,  
men lakser hver en sommer  
og vi skal gerne hylde ham  
naar handskrifterne kommer.

Sit har paa det rene  
og vil paa glasset tjene.  
Kommer det til maale  
at skaale.

Það vita engir enn til fulls,  
hver er af beztu kyni,  
og kannsk' eru nokkur karöt gulls,  
í Kjartani Ásmundssyni.

Og hvað er að fást um,  
þó fénist hann á ástum,  
svo vill hann fyrir verk sín,  
fá sterk vín.

Vor arkitekt af öðrum ber,  
og elskar höfuðstaðinn,  
sá kann nú ekki að kveinka sér,  
þó krossum sé hann hlaðinn.

Klerkar Hörð þrísá,  
er kirkjur nýjar rísa,  
með fögrum helgihnossom  
og krossum.

Nú gerizt fátt um gróðavon  
því gerizt margur hræddur,  
þó virðist Gunnar Guðjónsson  
enn ganga tízkuklæddur.

Mánudagsblaðið,  
við meira hefur staðið,  
en vekja hug á honum  
hjá konum.

Hjá Tolla, er ekki auðnan völt,  
og unir sínum högum,  
Það hafa fæstir fengið gölt,  
jafn feitan nú á dögum.

Það undrast víst enginn,  
sem eitthvað þekkir drenginn,  
að bregst hann ei í búskap,  
né hjúskap.

Að fylla staupin nú á ný  
mun naumast geta sakað-  
Og tæpast trúir nokkur því  
hve Torfi getur vakað -

Við brennivínsdrykkju  
ei bæri á sundurpykkju  
ef allir héldu í horfi  
sem Torfi.

Nú vendum okkar kvæði í kross  
þó kátt sé lagið tekið -  
og síra Bjarni blessar oss  
ef bilar drykkjuprekið.

Án nokkurra fefja  
hér skal glasið hefja -  
Og Rotary skal lifa -  
-já - lifa.

# Rotary-ljóð

12/9 1959.

Hér veizlustjórinn veit það bezt,  
hvers virð'er að kunna fagið,  
og á honum það mæðir mest,  
hve marga vantar lagið.

Er furða að menn skáli,  
fyrir doktor Páli,  
og barkann í sér brýni,  
með víni.

Hér enn mun flestra veðra von,  
og valtur stundargróðinn,  
því lætur Einar Erlendsson,  
sér annt um sparisjóðinn.

Því er það að vonum,  
að illa láti honum  
hve fáir ennþá fara,  
að spara.

Á ýmsa tóna enn er stemmt,  
um allar heimsins jarðir,  
og Jóni Bergs er jafnan skemmt,  
ef jarma sauðahjarðir.

Sá er þá kátur,  
og sýður meira slátur,  
en margir kunna að meta,  
og éta.

Hann Árni Ben. í árnar fer,  
og öslar vöð og strengi,  
í Áfenginu undi hann sér,  
vízt edrú, nokkuð lengi.

En útflutningssjóður,  
er af sumum talinn góður,  
en öðrum illa ræmdur,  
og tæmdur.

Vort fræðagrúsk ei gjarna dvín  
né grobb af frónsku kyni,  
og ættvísir er ekkert grín,  
hjá Einari Bjarnasyni.

En vandann það eykur  
hve var það mörgum leikur,  
vor fögru fljóð að kæta,  
og þræta.

Þó ýmsra séu efnin klén  
og ekki dýrtíð linni,  
þá býr nú Othar Ellingsen,  
við allgóð húsakynni.

Í blíðu og stríðu  
var byggt við Ægissíðu,  
unz alla út þar sló hann  
- þá hló ánn.

Þeim ensku vart á landann lízt,  
að liðnum þessum vetri,  
og ógn þeim stendur ekki sízt,  
af aðmírálnum Pétri.

Já, fjölda 'af freigátum  
og fleiri þúsund dátum  
þeir öttu á einum vetri  
gegn Pétri.

Þó einum geti yfirsézt  
veit annar jafnan meira  
og Viggó Jessen veit hér bezt  
um vélabrögð og fleira.

Sem lætur að vonum  
hjá Lloyd's þeir treysta honum  
og þurfa þeygi að pass'ann  
né klass'ann.

Við langar ræður lon og don,  
hve lúmskt sem aðrir glotta,  
ei brást, að Hafsteinn Bergþórsson  
í barm sinn fór að dotta.

Við sjáum hvað setur,  
og sumum tekst víst betur  
að melta erfitt efni,  
- í svefni.

Hlíðdal var hér löngum ljóst,  
hve laust var flest í skorðum,  
því sameinaði 'ann síma og póst,  
á sínum tíma forðum.

En sízt skal því neita,  
að sækir margan þreyta,  
er sóar sínum tíma  
í síma.

Þór Sandholt hefur háa mennt,  
og honum lætur teikning,  
þó handverksmönnum haf'ann kennt,  
hér heldur flókinn reikning.

Ennþá er haldið  
við uppmælingargjaldið,  
og á því allir liggja,  
sem byggja.

Menn þreyta drykkju þrotlaust enn,  
en þess er ekki neins von,  
að timburmönnum takist senn,  
að trufla Harald Sveinsson.

Í vöfundarhúsum,  
þeir vatna ekki músum,  
við högg og hurðarskelli  
og smelli.

Að örninn fljúgi fugla hæst  
er fyrr í sögum getið,  
og enn það stendur Erni næst,  
að endurbæta metið.

Já, Örn kann að fljúga,  
og ýmsir munu trúá,  
að ei þeir komist án hans,  
til mánans.

Þó fylking vor sé frið og traust,  
og fremur römm að afli,  
mun Árni Snævarr efalaust,  
oss ennþá fremri í tafli.

En tímarnir breytast,  
og taflmenn jafnvel þreytast  
en Árni er ekki smeykur,  
og leikur.

Herr Olsen handelskunsten kan,  
med Kina og Orienten,  
og han er kendt som hædersmand  
paa hele Kontinenten.

Cigarer, særlig tykke,  
hos manden görer lykke,  
og Olsen nægter ikke,  
at drikke.

Sambandið er sjálfsagt traust  
og sitthvað er það getur,  
en Erlendur veit efalaust  
um efnahag þess betur.

En vart út í bláinn  
oss virðist útsvarsskráin,  
þó dæmi næsta nátækt  
um fátækt.

Vér áttum jafnan afreksmenn  
sem alltaf héldu velli,  
og bjart er yfir Bjarna enn  
sem býr á Galtafelli.

Sé ös við Austurstræti  
og seljist upp hvert sæti,  
hann kann sér ekki læti  
af kæti.

Já, margs er enn að minnast hér,  
þó mál sé víst að þagna,  
í aldarfjórðung áttum vér,  
hér alltaf gengi að fagna.

Því björt er vor samtíð,  
og bjarta og langa framtíð,  
vor fylking lengi lifi,  
- hún lifi.



### LÍTID ROTARYLJÓÐ III

Þú ert sá sem veitir, þú ert sá sem veitir,  
þú ert sá sem veitir, þú ert sá sem veitir,  
þú ert sá sem veitir, þú ert sá sem veitir,  
þú ert sá sem veitir, þú ert sá sem veitir.

Þú ert sá sem veitir, þú ert sá sem veitir,  
þú ert sá sem veitir, þú ert sá sem veitir,  
þú ert sá sem veitir, þú ert sá sem veitir,  
þú ert sá sem veitir, þú ert sá sem veitir.

Og þú ert sá sem veitir, þú ert sá sem veitir,  
þú ert sá sem veitir, þú ert sá sem veitir,  
þú ert sá sem veitir, þú ert sá sem veitir,  
þú ert sá sem veitir, þú ert sá sem veitir.

Þú ert sá sem veitir, þú ert sá sem veitir,  
þú ert sá sem veitir, þú ert sá sem veitir,  
þú ert sá sem veitir, þú ert sá sem veitir,  
þú ert sá sem veitir, þú ert sá sem veitir.



Hve gott er við skálar, að una sér enn,  
og enginn mun telja það lygi,  
að hér séu yfirleitt öndvegismenn,  
og allir á viðreisnarstigi.

Og þó að vort fjármála forystulið,  
að farsælli lífsvenjum stefni,  
í kvöld, mun það skolleyrum skella því við,  
þótt skuldum vér, fram yfir efni.

Því tökum vér lagið, af lífi og sál,  
og léttir í anda og fasi,  
vér drögum úr feimni við doktorinn Pál,  
með duglegum sopa úr glasi.

Og ekki er vafi'á að Vilhjálmur Þorn,  
hér veiti oss fulltingi líka,  
þótt Páll geti leikið á lúður og horn,  
hann leikur þó varla á slíka.

Og hvort sem menn drekka við borð eða bar,  
á barkann er óhætt að reyna,  
og ekki er hætta' á að þynnumst vér þar,  
sem Þorvaldur gengur um beina.

Ef tímanna rás, eftir trú vorri fer,  
og túrista, að oss vér hændum,  
ja, þá verður tæplega þakkað sem ber,  
að Þorvaldur reddaði bændum.

Þótt valútuleysið, sé víst ekki spaug,  
og viðreisnarplanið það skerði,  
vér eigum samt klink, bæði' úr kumbli og haug,  
hjá Kristjáni Þjóðminjaverði.

Og Þjóðminjavörður er fastur á fé,  
og fargar því, tæplega glaður,  
því flestir hér telja, að fremstur hann sé,  
sem fornaldar-peninga-maður.

Já, víðasthvar bíða manns verkefni ný,  
og vér myndum ráða við fleiri,  
en Sigurður Jóhanns, mun sjá fyrir því,  
að sé okkar vegur æ meiri.

Menn iðka sitt hobby, og greiða sín gjöld,  
og gleðjast, þó hagnaður dvíni,  
og höfðingi smiðjunnar Héðins í kvöld,  
mun herða sín eggjárn í víni.

Af rjómanum Stefán er rómaður mest,  
sem rennur úr trogum og kyrnum,  
með kvöldinu vafalaust kynni' hann því bezt,  
að kokkteillinn fengist í hyrnum.

Á hestbaki snillingur Hafstein víst er,  
og hefur þá marga í taki,  
en fjárgæzlu segja þeir sérgrein hans hér,  
er sáu hann aldrei á baki.

Er mjöðurinn rennur, svo margt getur breytt,  
og meyjarnar fundið til hræðslu,  
en Jónasi B. verður bezt hérna treyst,  
að bæta úr slíku með fræðslu.

Í Síf, þykir Helgi víst harður af sér,  
en hógvær, og aldrei með rosta,  
og sjálfur hann ætti að sanna það hér,  
að saltfiskur orsaki þorsta.

En Hallgrímur eflir sín iðnaðarver,  
og aðskilur hismið og kjarnann,  
því sælgætisneyzla, hans sérfræði er,  
en Sírius, örlagastjarnan.

Þótt margir í handröðum geymi sitt gull,  
og gerist við drykkjuna linir,  
hann Kjartan af áhuga kneifar sitt full,  
og kippir þá, rétt eins og hinir.

Í höfuðborg vorri er hátt undir loft,  
og himininn sjálfum sér líkur,  
en Geir hefur vafalaust glaðst af því oft,  
hve gufan úr jörðinni rýkur.

Að Hallgrími' í Shell, þykir höfðingjum lið,  
og heiður sinn ber 'ann með rétti,  
fyrst olíusölu, hann unir sér við,  
og án þess, að fá á sig bletti.

Þótt Gunnar sé prúður, og geð hans sé stillt,  
hann geymir víst sitthvað í minni,  
og mun ekki því líkum miðlara skylt,  
að miðla' oss, af þekkingu sinni?

Þó timburmenn oft, hafi tryllt mann og ært,  
og tæplega heiti oss griðum,  
þeir hafa víst alls ekki handverk sitt lært,  
hjá Haraldar Völundarsmiðum.

En sízt, skal um timburmenn talað í kvöld,  
og tefja sig ekki frá þjóri,  
en hefja sitt flug, sem hinn óhræddi Örn,  
vor Air Transport framkvæmdastjóri.

Að athafnamönnum, er allsstaðar gagn,  
og Ágúst hér drekkur með festu,  
og Ágúst er ljóst, hvaða áfengismagn,  
er okkur í kvöld, fyrir beztu.

Og Ágúst er sérfróður sönglögum í,  
og sönötu þekkir og fúgu,  
en aldrei hann gerði sér grein fyrir því,  
hvað gerist á fundum í stúku.

En hér verður stríðið við stúkurnar háð,  
með stilling til orða og verka,  
unz Tómas í Ölinu, tekur það ráð,  
að tefla fram Agli, þeim sterka.

## HÁTÍÐASÖNGUR - Minni Rotary

Lag: Þú vorgyðja svífur,

Ei hófst hún með göngu né herlúðradyn  
sú hreyfing, er vér skulum minnast,  
Í handtaki föstu frá hugþekkingum vin  
er henni því léttast að kynnast,  
- í falslausri vináttu frjálsborins manns,  
í félagsskap traustum og þjónustu hans.

Með þolgæði reist var sú Rotary-höll,  
sem rammyggð er orðin og tigin,  
af starfinu heilla naut heimsbyggðin öll,  
til heilla þess spor voru stigin,  
Sú sókn var ei unnin með sverðum og gný,  
en sigur þess góða - hann vinnst fyrir því.

Með þjóðlegum anda og þjónustuhug  
skal þroskast vor alþjóðahyggja,  
með kærleika sönnum og karlmennskudug  
skal kóngsríki friðarins byggja,  
Í Fjórprófsins eldraun skal athöfn vor skýrð  
og aldrei misst sjónar á kærleikans dýrð.

Í dag tengjast sálir og hönd þrýstir hönd,  
þótt höf skilji álfur og þjóðir,  
og fjarlægðir hverfa og strönd nálgast strönd,  
nú strengjum við heit okkar, bróðir:  
Að enn skuli Rotary eflast um lönd  
og aukast og styrkjast þess vináttubönd.

R. Jóh.

F É L A G A T A L

Fullt nafn \_\_\_\_\_

Fæðingardagur og ár: \_\_\_\_\_, Hvar fæddur: \_\_\_\_\_

Núverandi staða: \_\_\_\_\_

Við hvaða stofnun: \_\_\_\_\_

Fyrri stöður eða embætti: \_\_\_\_\_

Núverandi starfsgrein í klúbbnum? \_\_\_\_\_

Fyrri starfsgreinar (ef einhverjar eru): \_\_\_\_\_

Er félaginn past service eða senior activ member? \_\_\_\_\_  
(strika undir það sem við á)

Hvaða stjórnarstörfum hefur félaginn gegnt í núverandi klúbbi  
eða öðrum klúbb, og hvenær? \_\_\_\_\_

=====

Nafn eiginkonu: \_\_\_\_\_

Fæðingardagur og ár: \_\_\_\_\_ (Sé konan látin skal getið dánardags og  
árs, ennfremur sé félaginn skilinn eða  
kvæntur aftur)

Giftingardagur: \_\_\_\_\_

Tala fæddra dætra: \_\_\_\_\_ og sona: \_\_\_\_\_

=====

ÝMISLEGT: (Hér verði getið mikilvægra starfa félagans í þágu bæjar eða ríkis,  
sem ekki koma fram í framanrituðu, svo og heiðursmerkja og/eða  
hliðstæðra viðurkenninga).



**ÍSLENZK-AMERÍSKA FÉLAGIÐ**  
THE ICELANDIC-AMERICAN SOCIETY

Kæri félagi;

Eins of undanfarin ár efnir Íslenzk-Ameríska Félagið til kvöldfagnaðar fyrir félaga þess og gesti þeirra, föstudaginn 27. nóvember n.k., í tilefni þakkargjörðardags Bandaríkjanna, að þessu sinni í Lído.

Skemmtiatriði:

1. Sex bandarískir stúdentar við Háskóla Íslands flytja stutt ávörp.
2. Dansparið Jón Valgeir og Edda Scheving sýna listdans.
3. Ungfrú Vera McKay syngur og dansar.
4. Dans til kl. 1 e.m.

Kvöldskemmtunin hefst kl. 8.30 e.h., en þeir sem þess óska, geta fengið kvöldverð frá kl. 7, með því að panta í síma 35936, Lído, fimmtudaginn 26. nóvember frá kl. 3 e.h. Þeir sem óska ekki kvöldverðar skulu panta borð á samta tíma (eftir kl. 3 á fimmtudag) Aðgöngumiðar verða seldir í Bókabúð Sigfúsar Eymundssonar, Aðalstræti 6, og við innganginn, ef eitthvað verður óselt.


Verð aðgöngumiða er kr.60.00, matur ekki innifalinn.

Félagsmenn eru beðnir að tryggja sér og gestum sínum miða í tíma og fjölmenna á skemmtunina.

Munið, allir félagar Íslenzk-Ameríska Félagsins í Lído, föstudaginn 27. nóvember n.k.

Stjórnin.







# HOTEL BALTIMORE

88<sup>bis</sup> AVENUE KLÉBER

PARIS (16<sup>e</sup>)

TÉLÉPHONE:  
KLÉBER 83-33  
(7 LIGNES GROUPÉES)

ADRESSE  
TÉLÉGRAPHIQUE:  
BALTIMOTEL-PARIS

M. Z. E. D.

Monsieur

Benediktsson

App<sup>t</sup> N° 72

R.C. SEINE R.C. SEINE 5487973

A. RICHARD & CO. PARIS

Les notes doivent être réglées chaque semaine - Accounts should be settled weekly.

Mois d. <u>Mai</u> 19 <u>59</u>	8.	9	10	11			
Appartement							
Petit déjeuner Continental	4590	4590	4590	-			
Casse et Service compris							
Suppl <sup>ts</sup> Petit déjeuner		420	420	420			
Déjeuner Restaurant							
Déjeuner Appartement							
Dîner Restaurant							
Dîner Appartement							
Cafés, Chés, Infusions		280	420				
Eaux Minérales				140			
Bières							
Bar							
Bains							
Chiens							
Téléphone, Télégrammes				40			
<b>Total du Jour</b>	4590	5290	5430	600			
Report		4590	9880	15310			
<b>Total Général</b>				15.910			
Paiements							
A reporter							




15.940  
11.400  
4.510

Total

15.910

10, Rue Le Goff



PARIS (V°)

Venez et vous Reviendrez

*Hôtel du Brésil*

Près de la Gare Montparnasse et des Universités  
Entre la Rue Soufflot et le Jardin du Luxembourg

Toutes les Chambres avec tout le confort moderne  
Chauffage central - Salles de bains - Douches

TÉL. : GOBELINS 76-11

M<sup>me</sup> CLAUSE  
PROPRIÉTAIRE

R. G. SEINE 252.900

*Bjarni Benediktsson*



*Gledileg jól*

*og farsælt nýár.*